

19.júlí 2010

Niðurstaða athugunar á starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Framkvæmd var athugun á starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga með heimsókn og gagnaöflun dagana 23.–24. febrúar 2010 með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 29. mars 2010 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sjóðsins og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 8. júní 2010, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til. Skýrsla innri endurskoðanda um hvernig Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefði staðið að úrbótum á þeim atriðum sem vikið var að í skýrslunni barst Fjármálaeftirlitinu 27. júlí 2010.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

Stjórn og starfsmenn

Gerð var athugasemd við að framkvæmdastjóri uppfyllir ekki skilyrði skv. 4. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 um að hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Skilyrðið þarf að uppfylla frá og með 1. janúar 2011 ef framkvæmdastjóri hyggst áfram sinna eignastýringu fyrir sjóðinn.

Gerð var athugasemd við að ekki væri til staðar hjá sjóðnum reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, sbr. 4. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna

Gerð var athugasemd við að sjóðurinn hafi ekki haldið skrá um tilkynningaskyld víðskipti starfsmanna með fjármálagerninga eins og ber að gera samkvæmt gildandi verklagsreglum sjóðsins um verðbréfavíðskipti. Þá var ekki framfylgt öðrum ákvæðum er varða tilkynningaskyldu þeirra starfsmanna, sem koma að ákvörðunum eða framkvæmd víðskipta sjóðsins með fjármálagerninga, um öll víðskipti fyrir eigin reikning og verðbréfaeign þeirra þegar þeir tóku við starfi.

Fjárfestingar sjóðsins

Fjárfestingastefna fyrir árið 2010

Gerðar voru athugasemdir við fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2010 þar sem hún uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til hennar í reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingastefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar.

Verkferlar varðandi fjárfestingar sjóðsins

Gerð var athugasemd við að engir verkferlar væru til staðar hjá sjóðnum varðandi fjárfestingaferli, ákvarðanir og framkvæmd þess.

Samningur um útvistun eignastýringar

Gerð var athugasemd við eignastýringarsamning sjóðsins þar sem eignastýringaraðili áskildi sér 12 mánaða frest til að verða við beiðni sjóðsins um að breyta fjárfestingastefnu á safni. Farið var fram á að fresturinn yrði stytur og ákvæðinu breytt til samræmis við það.

Fjárhagslegur aðskilnaður deilda

Gerð var athugasemd við að fjárhagslegur aðskilnaður samtryggingadeildar og séreignadeildar sjóðsins væri ekki fullnægjandi þar sem bankareikningar sjóðsins voru ekki aðgreindir í fjárhagsbókhaldi eftir deildum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997.

Skýrslur um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við útfyllingu á skýrslum um sundurliðun fjárfestinga sjóðsins sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu á þriggja mánaða fresti. Skýrslurnar voru illa unnar og verklag við útfyllingu skýrslanna verulega ábótavant. Misræmi var m.a. á fjárhæðum fjárfestinga skv. skýrslum og bókhaldi sjóðsins, undirliggjandi eignir sjóða, skv. 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, voru ekki rétt flokkaðar og fjárfestingar í bókhaldi ranglega flokkaðar.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að þeir sjóðir sem lífeyrissjóðurinn fjárfesti í væru ranglega flokkaðir í skýrslunum m.t.t. þess hvort um væri að ræða (1) hlutdeildarskírteini og hluti skv. lögum nr. 30/2003 eða (2) hlutdeildarskírteini og hluti í öðrum sjóðum. Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna eru mismunandi eftir tegund sjóðanna, þ.e. hvort um sé að ræða verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði, fagfjárfestasjóði o.þ.h., og því mikilvægt að tegundaflokkun þeirra sé rétt.

Kröfur í lögfræðilegri innheimtu

Gerð var athugasemd við það hversu lágt hlutfall ógreiddra iðgjaldakrafna væri í lögfræðilegri innheimtu þrátt fyrir aldur þeirra. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sjóðurinn myndi koma viðeigandi kröfum í formlegt innheimtufjerli í samræmi við 29. gr. reglugerðar nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá voru engar verklagsreglur fyrirbyggjandi hjá sjóðnum um innheimtu iðgjalda.

Áhættustýring og innra eftirlit

Gerð var athugasemd við að ekki væri til staðar heildstæð áhættustýring hjá sjóðnum. Þá voru engir skjalfestir verkferlar, verklýsingar, innri eftirlitsferlalýsingar og lítið um innri reglur hjá sjóðnum. Farið var fram á að sjóðurinn myndi hefja þá vinnu að móta innra eftirlit hjá sjóðnum og áhættustýringu.

Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins

Gerð var alvarleg athugasemd við skil á gögnum frá sjóðnum til Fjármálaeftirlitsins, en gögn hafa nokkuð oft borist eftir skilafresti.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefur nú þegar brugðist við flestum athugasemdum Fjármálaeftirlitsins með viðeigandi úrbótum. Önnur atriði eru enn í vinnslu og hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að þeim verði komið í viðunandi horf innan skamms.